



MINNISBLAÐ

Til: Sambands íslenskra sveitarfélaga

Frá: LEX // Láru Herborgu Ólafsdóttur lögmanni og Óskari Sigurðssyni lögmanni

Dags.: 4. júní 2024

Efni: Rafrænar undirritanir

I. Inngangur

1. Til LEX hefur leitað Samband íslenskra sveitarfélaga og óskað eftir álit og samantekt um rafrænar undirritanir. Í minnisblaði þessu verður fjallað um mismunandi tegundir rafrænna undirritana, réttaráhrif þeirra og í hvaða tilvikum nauðsynlegt er að notast við tilteknar tegundir undirritana. Þá verður fjallað um kröfur sem gerðar eru að lögum til slíkra undirritana.

II. Lagaumhverfi

2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum („eIDAS“) var lögfest hér á landi með lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti („lög um rafræna auðkenningu“). Markmið laganna er meðal annars að auka traust í rafrænum viðskiptum með því að kveða á um réttaráhrif og kröfur til rafrænna auðkenningarleiða og traustþjónustu.
3. Rétt er að geta þess að nýlega tók gildi í Evrópusambandinu reglugerð nr. 2024/1188 („eIDAS-2“) sem felur í sér breytingar á eIDAS löggjöfinni. Reglugerðin hefur sem stendur ekki verið tekin upp í EES-samninginn og hefur því ekki lagagildi hér á landi enn sem komið er. Nýju reglugerðinni er ætlað að útvíkka og styrkja fyrri löggjöf til muna en helsta breytingin er sú að eIDAS-2 setur fram hið evrópska stafræna auðkenningarveski sem hefur þann tilgang að veita öllum íbúum innan Evrópusambandsins öruggt, traust og notendastýrt stafrænt auðkenni. Þannig gerir veskið íbúum kleift að geyma sínar eigin persónuupplýsingar (t.d. opinber gögn, læknisvottorð og fjárhagsupplýsingar) með það að markmiði að þeir sjálfir geti deilt þeim eftir því sem við á með öruggum hætti. Í ljósi þess að um er að ræða regluverk sem ekki hefur enn sem komið er lagagildi hérlendis, verður ekki vikið nánar að því hér – en tilefni kann að vera að uppfæra samantekt þessa þegar regluverkið verður innleitt hérlendis.

III. Traustþjónustur

4. Í eIDAS er *traustþjónusta* skilgreind sem „rafræn þjónusta, sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun og felst í: a) myndun, sannprófun og staðfestingu rafrænna undirskrifta, rafrænna innsigla eða rafrænna tímastimpla, rekjanlegrar rafrænnar afhendingarþjónustu og vottorða sem tengjast þessum þjónustum eða b) myndun, sannprófun og staðfestingu vottorða fyrir sannvottun vefsetra eða c) varðveislu rafrænna undirskrifta, innsigla eða vottorða sem tengjast þessum þjónustum“.
5. Ákvæði eIDAS taka þannig til eftirfarandi tegunda traustþjónustu:
 - rafrænna undirskrifta
 - rafrænna innsigla
 - rafrænna tímastimplana
 - rekjanlegra rafrænna afhendingarþjónusta
 - sannvottunar vefsetra
6. Þar sem umfjöllunarefni minnisblaðs þessa afmarkast við rafrænar undirskriftir verður því ekki fjallað frekar um aðrar tegundir traustþjónustu hér.
7. Traustþjónustur flokkast í fullgilda og ófullgilda þjónustuveitendur. Fullgildir traustþjónustuveitendur eru þeir sem veita eina eða fleiri tegundir fullgildrar traustþjónustu og sem eftirlitsstofnun hefur veitt fullgilda stöðu, sbr. 20. liður 3. mgr. eIDAS. Þannig þurfa fullgildar traustþjónustur að uppfylla mun ítarlegri kröfur en ófullgildar traustþjónustur og undirgangast heildstætt mat á hlítningu hjá vottuðum aðila og eftirlitsstjórnvaldi. Þessar kröfur og skyldur eiga að tryggja hátt öryggisstig sérhverrar fullgildrar traustþjónustu sem notuð er eða boðin er fram.
8. Fullgildar traustþjónustur eru skráðar á lista framkvæmdastjórnar ESB yfir fullgilda þjónustuveitendur í öllum aðildarríkjum EES (EU/EEA Trusted List). Samkvæmt listanum eru íslensku fyrirtækin **Auðkenni ehf.** og **Advania Ísland ehf.**, fullgildir traustþjónustuveitendur í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og eIDAS.¹ Þetta má einnig sjá á íslenska traustlistanum,² þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um hverjir hafa stöðu fullgildra traustþjónustuveitenda á Íslandi og lúta eftirliti Fjarskiptastofu. Líkt og fram kemur á listanum veitir **Advania Íslandi ehf.** fullgilda traustþjónustu fyrir rafræna tímastimplun en **Auðkenni ehf.** veitir fullgilda traustþjónustu fyrir fullgilda rafræna undirskrift og rafrænt innsigli. Erlendir aðilar sem eru skráðir á traustlistann geta einnig veitt sína þjónustu á Íslandi og nýtur sú þjónusta viðurkenningar hjá öllum EES-ríkjum.
9. Ófullgildar traustþjónustur ganga ekki í gegnum úttekt á hlítni við kröfur líkt og fullgildar traustþjónustur, þó vissulega eigi þær að uppfylla ákveðnar kröfur. Slíkum aðilum er óheimilt að markaðssetja sig sem fullgildar traustþjónustur. Ófullgildar traustþjónustur geta verið álitlegur kostur en ætíð skal hafa hugfast hvert markmið þjónustunnar er, hvaða upplýsingar verið er að meðhöndla sem og hvert lögmæti og fullvissustig þarf að vera. Verður nánar vikið að þessum atriðum hér á eftir.

¹ Listann má nálgast hér: <https://eidas.ec.europa.eu/efda/tl-browser/#/screen/tl/IS>

² Listann má nálgast hér: <https://www.fjarskiptastofa.is/library/skrar/tsl/tsl.pdf>

IV. Tegundir rafrænna undirskrifa

10. Þrjár tegundir rafrænna undirskrifa eru skilgreindar í eIDAS, þ.e. (1) „einföld“ rafræn undirskrift, (2) „útfærð“ rafræn undirskrift og (3) „fullgild“ rafræn undirskrift. Í löggjöfni er gerður greinarmunur á tegundum rafrænna undirskrifa eftir því hvaða kröfur þær þurfa að uppfylla og kunna þær þ.a.l. að hafa mismunandi réttaráhrif, líkt og nánar verður vikið að hér á eftir.

„Einföld/Almenn“ Rafræn undirskrift

11. *Rafræn undirskrift* er skilgreind sem „gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi og undirritandi notar til að undirrita“, sbr. 10. liður 3. gr. eIDAS. Samkvæmt framangreindu má því sem dæmi nefna undirritun með nafni í tölvupósti að vera svokölluð einföld rafræn undirskrift.³

Útfærð rafræn undirskrift

12. *Útfærð rafræn undirskrift* uppfyllir eftirfarandi kröfur, sbr. 11-liður 3. gr. og 26. gr. eIDAS:
- a) hún tengist undirritanda með einkvæmum hætti,
 - b) hún ber kennsl á undirritanda,
 - c) hún er gerð með rafrænum undirskriftargögnum sem undirritandi getur, *með miklum áreiðanleika*, einn haft stjórn á og
 - d) hún tengist gögnunum sem eru undirrituð með þeim hætti að unnt er að greina síðari breytingar á þeim.
13. Sú tækni sem uppfyllir framangreindar kröfur og algengast er að notuð sé, er almenningslykill (e. public-key infrastructure, PKI), sem felur í sér notkun vottorða og dulmálslykla.

Fullgild rafræn undirskrift

14. *Fullgild rafræn undirskrift* er skilgreind sem útfærð rafræn undirskrift sem er mynduð með fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði og studd fullgildu vottorði fyrir rafrænar undirskriftir, sbr. 12. liður 3. gr. eIDAS. Fullgilt vottorð fyrir rafræna undirskrift er gefið út af fullgildum traustþjónustuveitanda og uppfyllir kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka eIDAS.
15. Samkvæmt I. viðauka eIDAS skulu fullgild vottorð fyrir rafrænar undirskriftir innihalda:
- a) vísbendingu, a.m.k. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu, um að vottorðið hafi verið gefið út sem fullgilt vottorð fyrir rafræna undirskrift,
 - b) gögn sem með ótvíræðum hætti standa fyrir fullgildan traustþjónustuveitanda sem gefur út fullgildu vottorðin, þ.m.t. a.m.k. aðildarríkið þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og: — að því er varðar lögaðila: heiti og, eftir atvikum, skráningarnúmer sem er skráð í opinberum skrá, — að því er varðar einstakling: nafn einstaklingsins,
 - c) a.m.k. nafn undirritanda eða gervinafn; ef gervinafn er notað skal það koma skýrt fram,

³ <https://ec.europa.eu/digital-building-blocks/sites/display/DIGITAL/What+is+eSignature>

- d) staðfestingargögn rafrænnar undirskriftar sem svara til rafrænna undirskriftargagna,
- e) upplýsingar um upphaf og lok gildistíma vottorðsins,
- f) kennikóða vottorðsins, sem skal vera einkvæmur hjá fullgildum traustþjónustuveitanda,
- g) útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli fullgilds traustþjónustuveitanda sem gefur þau út,
- h) staðinn þar sem vottorðið, sem styður við útfærða rafræna undirskrift eða útfært rafrænt innsigli, sem um getur í g-lið, er aðgengilegt án endurgjalds,
- i) staðsetningu þjónustunnar þar sem hægt er að spyrjast fyrir um gildisstöðu fullgilda vottorðsins,
- j) þegar rafrænu undirskriftargögnin sem tengjast staðfestingargögnum rafrænnar undirskriftar eru staðsett í fullgildum rafrænum undirskriftarbúnaði, viðeigandi vísbendingu um það, a.m.k. á formi sem hentar fyrir sjálfvirka vinnslu.

V. Réttaráhrif

16. Um réttaráhrif rafrænna undirskrifta er fjallað í 25. gr. eIDAS. Ákvæðið kveður á um að ekki skuli hafna því að rafræn undirskrift („einföld“, útfærð eða fullgild) fái réttaráhrif og sé viðurkennd sem sönnunargagn í málarekstri *einungis af þeirri ástæðu* að hún er á rafrænu formi eða að hún uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til fullgildra rafrænna undirskrifta.
17. Hvað varðar réttaráhrif fullgildra rafrænna undirskrifta er einnig sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 25. gr. eIDAS að *fullgild rafræn undirskrift skuli hafa sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift*. Þá skal fullgild rafræn undirskrift, sem studd er fullgildu vottorði sem gefið er út í einu aðildarríki EES, vera viðurkennd sem fullgild rafræn undirskrift í öllum öðrum aðildarríkjum, sbr. 3. mgr. 25. gr. eIDAS.
18. Rafrænar undirskriftir kunna að koma að notum við ýmsar aðstæður, svo sem við undirritun samninga (sala, ráðning, leiga o.s.frv.), í rafrænum viðskiptum (netbanki t.d.) og í samskiptum einstaklinga við stjórnvöld (beiðni um vottorð, umsóknir o.s.frv.). Að auki teljast rafrænir samningar almennt jafngildir skriflegum samningum, sbr. 8. gr. laga um rafræn viðskipti og rafræna þjónustu, nr. 30/2002. Þá skal þess getið að í ljósi meginreglunnar um frjálst sönnunarmat dómara og málsforræðisreglu, auk þess sem samningsaðilum er almennt frjálst að semja um form samnings þeirra á milli, – er lítið svo á að að meginstefnu sé unnt að leggja fram rafræn skjöl sem sönnunargögn fyrir íslenskum dómstólum, sbr. kröfur 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 35. gr., 1. mgr. 41. gr., 1. mgr. 43. gr. og 46. gr. reglugerðarinnar um rafrænar undirskriftir, innsigli, tímastimpla, afhendingarþjónustu og skjöl.
19. Mikilvægt er að þeir aðilar sem hyggjast notast við rafrænar undirskriftir meti hvaða kröfur séu gerðar til þeirrar þjónustu og þeirra upplýsinga sem skal meðhöndla. Þannig verður að velja tegund rafrænna undirskrifta eftir öryggis- og fullvissustigi.
20. Ljóst er að starfsemi sveitarfélaga felur í sér að undirrita þarf ýmis skjöl, hvort sem er við meðferð stjórnsýslumála eða við gerð samninga einkaréttar eðlis. Hægt er að nota fullgildar rafrænar undirskriftir í hvaða aðstæðum sem er þar sem handskrifaðar undirskriftir eru notaðar, jafnvel yfir landamæri, enda eru réttaráhrif slíkra undirritana jafngildar handskrifuðum undirritunum. Þá er ljóst samkvæmt framangreindu, að í flestum

tilvikum er einnig hægt að notast við aðrar tegundir rafrænna undirskrifta, sem ekki skal hafna því að fái réttaráhrif, sbr. 2. mgr. 25. gr. eIDAS.

21. Þó að eIDAS sé ætlað að koma á þeirri meginreglu að ekki eigi að hafna réttaráhrifum rafrænnar undirskriftar af þeirri ástæðu að hún er á rafrænu formi eða að hún uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til fullgildrar rafrænnar undirskriftar er það engu að síður landslaga hvers aðildarríkis (EES) að skilgreina réttaráhrif rafrænna undirskrifta nema að því er varðar kröfurnar sem kveðið er á um í eIDAS um að fullgild rafræn undirskrift eigi að hafa jafngild réttaráhrif og eiginhandarundirskrift, sbr. 49. liður formála reglugerðarinnar. Í samræmi við framangreint *gera íslensk lög í sumum tilvikum kröfu um að notast sé við fullgilda rafræna undirskrift*, líkt og nánar verður vikið að hér á eftir.

Rafrænar undirritanir við afgreiðslu stjórnáslumála

22. Hvað varðar undirskriftir við meðferð stjórnáslumála kemur fram í 38. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 að þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn frá aðila eða stjórnvaldi séu undirrituð er stjórnvaldi heimilt að ákveða að rafræn undirskrift komi í stað eiginhandarundirskriftar, enda tryggi rafræna undirskriftin með sambærilegum hætti og eiginhandarundirskrift persónulega staðfestingu þess sem gögnin stafa frá. Fullgild rafræn undirskrift teljast ætíð fullnægja áskilnaði laganna um undirskrift.
23. Þannig er samkvæmt framangreindu gerð krafa um að við meðferð stjórnáslumála þar sem undirritun telst nauðsynleg, skuli rafræn undirskrift tryggja með sambærilegum hætti og eiginhandarundirskrift persónulega staðfestingu þess sem undirskriftin ber með sér að stafa frá. Í greinargerð með ákvæðinu í frumvarpi breytingarlaga nr. 51/2003 (fyrir gildistöku eIDAS) kemur fram að það sé einkum háð mati á tæknilegum eiginleikum tiltekinnar rafrænnar undirskriftar hvort þessu skilyrði telst fullnægt. Þegar um er að ræða fullgilda rafræna undirskrift í skilningi laga um rafrænar undirskriftir sé hins vegar sjálfkrafa litið svo á að rafræn undirskrift fullnægi skilyrðinu, enda skýrt kveðið á um það í eIDAS að slík undirritun hafi sömu réttaráhrif og eiginhandarundirritun. Þar að auki kemur fram í greinargerð að þótt gera megi ráð fyrir að flestar rafrænar undirskriftir sem notaðar verða við meðferð stjórnáslumála verði fullgildar í skilningi laga um rafrænar undirskriftir *þyki allt að einu ekki rétt að útiloka að aðrar undirskriftir geti talist fullnægjandi eftir nánari ákvörðun stjórnvalds*. Væri þá meðal annars haft í huga að ekki væri útilokað að opinberir aðilar komi sjálfir á fót sérstöku undirskriftakerfi til rafrænnar meðferðar mála.
24. Af framangreindu má álykta að þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn frá aðila eða stjórnvaldi séu undirrituð, *er ekki skylda að þau séu undirrituð með fullgildri rafrænni undirritun*. Þó er samkvæmt greinargerð með ákvæði 38. gr. stjórnáslulaga gert ráð fyrir að fullgild rafræn undirritun verði almennt notuð við meðferð stjórnáslumála. Ef ekki er notast við fullgilda rafræna undirritun við meðferð stjórnáslumála verður sú tegund rafrænnar undirritunar sem verður fyrir valinu, að tryggja með *sambærilegum* hætti og eiginhandarundirskrift persónulega staðfestingu þess sem gögnin stafa frá. Ef ekki er notast við fullgilda rafræna undirskrift þarf því að leggja mat á öryggis- og fullvissustig þeirrar tegundar rafrænnar undirskriftar sem valin er og sönnunargildi hennar ef á reyndi. Hér er sérstök athygli vakin á nauðsyn þess að gæta sérstaklega að því, sé notast við rafræn auðkenni við samningsgerð lögaðila, að rafræna auðkennið beri með sér þann einstakling innan lögaðilans sem raunverulega stóð að undirskriftinni og hafði jafnframt til þess umboð, svo að umboðsreglum félagaréttar sé fylgt.

25. Að því sögðu er rétt að minnast á nýja netöryggislöggjöf sem tekið hefur gildi í Evrópusambandinu, sbr. tilskipun 2022/2555 („NIS-2“) og tekur gildissvið hennar m.a. til opinberra stofnanna. Samkvæmt löggjöfinni eru nauðsynlegir og mikilvægir innviðir hvattir til að nýta sér *einungis fullgildar traustþjónustur*, sbr. 24. gr. laganna. Þessi tilskipun hefur þó ekki verið tekin upp í EES samninginn og því ekki enn verið innleidd í íslenskan rétt, en regluverkið tekur gildi innan Evrópusambandsins í október á þessu ári.

Kröfur laga um fullgilda rafræna undirskrift

26. Íslensk lög gera þó í sumum tilvikum kröfu um að notast sé við fullgilda rafræna undirskrift.
27. Til að mynda kemur fram í 12. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 að lánssamningar skuli gerðir skriflega og skulu undirritaðir af neytanda. Sé lánssamningur gerður í fjarsölu skal hann undirritaður af neytanda með fullgildri rafrænni undirskrift eða samþykktur af neytanda sem hefur verið auðkenndur rafrænt gagnvart viðskiptakerfi lánveitanda. Þá kemur fram í 3. mgr. 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 að fullgild rafræn undirskrift á beiðni um þinglýsingu afsals eða veðbréfs vegna fasteignar með rafrænni færslu staðfesti dagsetningu og undirskrift. Í kosningalögum nr. 112/2021 skulu tilkynningar um framboð til Alþingis og sveitarstjórna undirritaðar eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift, sbr. 36. gr. laganna. Í lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru nr. er t.a.m. kveðið á um að skuldabréf vegna stuðningsláns geta verið rafræn og skulu þau þá vera undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift, sbr. 14. gr. laganna. Þá er í fleiri lögum að finna ákvæði þar sem krafist er fullgildrar rafrænnar undirritunar, svo sem í 13. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 og 4. gr. barnalaga nr. 76/2003.
28. Líkt og leiðir af framangreindu, er í undantekningartilvikum gerð krafa samkvæmt lögum um að rafræn undirskrift sé fullgild en þá er um að ræða skjöl sem varða mikilvæg réttindi og krefjast ríkrar réttarverndar.
29. Fullgildrar rafrænnar undirritunar er þannig ekki krafist samkvæmt lögum í flestum tilvikum en dæmi um skjöl þar sem ekki er krafist slíkrar undirritunar má nefna leigusamninga, þjónustusamninga, umboð, bréfsefni o.fl. Líta má til úrskurðar kærunefndar vöru- og þjónustukaupa 80/2020 sem sýnir hvernig reynt getur á reglur um rafræna undirskrift. Ágreiningur sneri að því að hringt hafi verið í sóknaraðila fyrir hönd varnaraðila og honum boðinn gjaldfrjáls aðgangur að líkamsræktarstöðvum varnaraðila út árið gegn því að sóknaraðili kæmi aftur í viðskipti við varnaraðila. Sóknaraðili samþykkti boð varnaraðila um að koma aftur í viðskipti en tilkynnti varnaraðila nokkru síðar um uppsögn samningsins. Varnaraðili benti sóknaraðila þá á að hún hefði samþykkt samning við varnaraðila, með rafrænum hætti, sem fól í sér bindingu í 12 mánuði. Varnaraðili notaðist við Zoho - sign hugbúnað við undirritun þar sem viðsemjanda varnaraðila var gert veita samþykki sitt fyrir því að gangast undir samning við varnaraðila án þess að viðsemjanda væri gert að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum. Engin gögn lágu fyrir sem báru með sér staðfestingu á að um fullgilda rafræna undirritun af hálfu sóknaraðila hafi verið að ræða. Varð því litið til atvika málsins í heild, sbr. 49. gr. formála eIDAS. Af gögnum málsins varð ráðið að sóknaraðili hafi í símtali við starfsmann varnaraðila mótttekið tölvupóst þar sem stóð að sóknaraðili biði skjal frá varnaraðila til undirritunar. Í póstinum kom fram að varnaraðili „biður þig um að lesa yfir og samþykkja Áskriftarsamningur kort + frímánuðir“. Í kjölfarið valdi sóknaraðili möguleikann „Skrafa undir“. Samningur var þannig talinn hafa komist á með aðilum og leysti kærunefnd í kjölfarið úr ágreiningi aðila.

VI. Niðurlag

30. Lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, sem innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 910/2014 („eIDAS“) fela ekki í sér miklar breytingar að íslenskum rétti hvað varðar réttaráhrif rafrænna undirskrifa, nema að því er varðar viðurkenningu á fullgildum rafrænum undirskriftum sem gefnar eru út í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins.
31. Fullgild rafræn undirskrift hefur sömu réttaráhrif og eiginhandaundirskrift, sbr. 2. mgr. 25. gr. eIDAS. Þá kemur fram í 1. mgr. 25. gr. eIDAS að ekki skuli hafna því að rafræn undirskrift sé viðurkennd sem sönnunargagn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að hún sé á rafrænu formi eða að hún uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til fullgildra rafrænna undirskrifa. Slíkt hið sama gildir um rafræn innsigli, sbr. 1. mgr. 35. gr. eIDAS, rafræna tímastimpla, sbr. 1. mgr. 41. gr. eIDAS og rafræna afhendingarþjónustu, sbr. 1. mgr. 43. gr. eIDAS.
32. Ekki er sérstök lagaskylda að notast við fullgildar rafrænar undirritanir við meðferð stjórnáslumála. Samkvæmt greinargerð í frumvarpi með ákvæði 38. gr. stjórnáslulaga er ekki útilokað að aðrar tegundir rafrænna undirritanna verði notaðar, þó gert sé ráð fyrir að flestar rafrænar undirskriftir sem notaðar verða við meðferð stjórnáslumála verði fullgildar. Mestu máli skiptir í þessum efnum að sú tegund rafrænnar undirskriftar sem fyrir valinu verður búi yfir þeim tæknilegu eiginleikum, öryggis- og fullvissustigi að hún tryggji með *sambærilegum* hætti og eiginhandarundirskrift persónulega staðfestingu þess sem gögnin stafa frá. Hér er sérstök athygli vakin á nauðsyn þess að gæta sérstaklega að því, sé notast við rafræn auðkenni við samningsgerð lögaðila, að rafræna auðkennið beri með sér þann einstakling innan lögaðilans sem raunverulega stóð að undirskriftinni og hafði jafnframt til þess umboð, svo að umboðsreglum félagaréttar sé fylgt.
33. Íslensk lög gera í sumum tilvikum kröfu um að notuð sé fullgild rafræn undirskrift. Má þar nefna 12. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013, 3. mgr. 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 og 36. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Þegar slíkum kröfum samkvæmt lögum sleppir, er heimilt að nota aðrar tegundir rafrænna undirskrifa, sbr. 1. mgr. 25. gr. eIDAS en þess skal gætt að reyni á slíka undirritun, verður að vera hægt að sýna fram á að undirritun hafi farið fram.

LEX / LHÓ/ÓS